

## Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mörgu fé hefur árlega verið slátrað í sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri sl. fimm ár og hve mörg ársverk hafa tengst þeirri starfsemi?
2. Hversu mikið er ráðgert að greiða Sláturfélagi Suðurlands fyrir að loka sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri og hefur sú greiðsla verið innt af hendi?
3. Kemur til greina að ráðherra afturkalli fjárveitingu ríkisins til úreldingar sláturhússins og veiti sveitarfélaginu hana þess í stað til atvinnuuppbyggingar?
4. Kemur til greina að ráðherra beiti áhrifum sínum til að tryggja áframhaldandi rekstur sláturhússins?